

Frá orðum til athafna

Berglind Kristinsdóttir



Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar B. Ed. – gráðu
í grunnskólakennarafræði við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Apríl 2009

Lokaverkefni til B.Ed. – prófs

Frá orðum til athafna

Gildi leiksins sem námsaðferð í samræmi við hugmyndafræði Hjallastefnunnar

Berglind Kristinsdóttir

251179-4179

Háskóli Íslands
Menntavísindasvið
Kennaradeild, grunnskólakennarafræði
Apríl 2009

Útdráttur

Í lögum um leikskóla frá árinu 2008 er kveðið á um að starfshættir kennara skuli mótast af umburðarlyndi, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð og sáttfýsi. Jafnframt er þar tekið fram að leikskólinn skuli leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun (Lög um leikskóla nr. 90/2008). Hjallastefnan hefur þessi lög að leiðarljósi í starfi sínu og við gerð þessa verkefnis og val á leikjum í hugmyndamöppuna var tekið mið af þessum lögum. Hugmyndamöppunni er ætlað það hlutverk að skapa leiðir fyrir kennara í starfi sínu með ungum börnum og senntíma styrkja og ýta undir alla þroskapætti barna.

Hugmyndafræði Hjallastefnunnar er kynnt og þær lotur sem starfið byggir á og leikirnir í hugmyndamöppunni taka mið af. Rætt er um leikinn sem námsleið og færð rök fyrir því hvers vegna þeir leikir sem rötudu í hugmyndamöppuna eru tilvaldir fyrir stúlkur annars vegar og drengi hins vegar. Leikirnir ættu að efla stúlkur og drengi og undirbúa þau til að vera þátttakendur í lýðræðis þjóðfélagi.

Formáli

Eftir að hafa unnið í fjölda mörg ár á leikskóla og þá einna helst með yngstu börnin þá hef ég safnað að mér ýmsum fróðleik og þekkingu. Árið 2008 hóf ég störf hjá Hjallastefnunni þar sem stór hluti starfsins fer fram í svokölluðum hópatímum. Ég fann að kennurum skorti hugmyndir að verkefnum með yngstu börnunum og ákvað því að útbúa nokkurs konar hugmyndamöppu sem kennarar gætu leitað í að vild. Það er mín von að hugmyndamappan muni nýtast öllum þeim sem vinna með börnum þó svo að aðaláherslan sé á starf með yngstu börnum leikskólans.

Leiðsögukennari minn við gerð þessa verkefnis var Þórdís Þórðardóttir lektor í uppeldis- og menntunarfræðum og færi ég henni bestu þakkir fyrir góðar ábendingar og stuðning við þessa vinnu.

Að lokum vil ég færa honum Halli sérstakar þakkir. Með hreinskiptni sinni, lífssýn og skoðunum snerti hann sálu mína og hjarta sem varð til þess að ég lít heiminn öðrum augum en ég gerði og færi ég honum mínar innilegustu þakkir fyrir.

Efnisyfirlit

Hugmyndamappan	6
Tildrög möppunnar og markmið.....	6
Mikilvægi hugmyndamöppunnar.....	7 – 8
Rannsóknarspurning Hvers konar leikir henta ungum börnum í Hjallastefnuleikskólum?.....	8
Hugmyndafræði Hjallastefnunnar	8 - 9
Lög og markmið um leikskóla	9
Lotur Hjallastefnunnar	9
Sjálfstæðiskennsla - sjálfvitund og sjálfstraust.....	9 - 10
Jákvæðnikennsla – hreinskiptni.....	10
Kraft – og kjarkkennsla – frumkvæði.....	10
Hegðunarkennsla – framkoma, agi.....	11
Viðhorfakennsla – samskipti.....	11
Nálægðarkennsla – vinátta.....	12
Fræðileg tengsl við lotur og leikina	12 -13
Leikurinn	13 - 14
Leikurinn sem námsleið.....	14 - 15
Tákrænn leikur – leikræn tjáning.....	15 - 16
Mikilvægi leikja fyrir nám barna.....	15 - 16
Áhrif umhverfis og kynjamunur barna í leik.....	16 - 17
Niðurstaða um leikina.....	17 - 18
Lokaorð	18
Heimildaskrá	19 - 20

Hugmyndamappan

Tildrög möppunar og markmið

Eftir að hafa varið meira og minna síðastliðnum tíu árum ævi minnar við leikskólastarf þá hef ég lært mikið og safnað að mér ýmsri þekkingu sem ég bý að og kemur sér að góðum notum. Fyrir rúmu ári síðan hóf ég störf hjá Hjallastefnunni og fékk það hlutverk að vera kjarnastjóri á Yngstakjarna sem eins og nafnið gefur til kynna hlúir að yngstu börnum leikskólans. Þó ég hafði nokkur ár að baki sem leikskólastarfsmaður þá hafði ég aldrei starfað sem kjarnastjóri né eftir hugmyndum Hjallastefnunnar, þetta var því mjög nýtt fyrir mér. Eftir nokkra mánuði í starfi þá skellti ég mér á nýliðanámskeið sem Hjallastefnan stóð fyrir. Á þessu námskeiði hitti ég Margrétu Pálu Ólafsdóttur sem spurði starfsfólkið út í hvernig þeim gengi í starfi og hvort það væri eitthvað sem mætti bæta. Ég tók eftir því að margir nefndu að þeir ættu í vandræðum með hugmyndir fyrir hópatímana sem eru tvisvar sinnum á dag hjá hverjum hóp. Hver kennari þarf því að finna með sjálfum sér tvö hópatímaverkefni daglega en samkvæmt dagsskipulagi Hjallastefnunnar þá á annar hópatíminn að eiga sér stað úti en hinn innan veggja leikskólans. Á þessum tímapunkti var ég í óðaönn að finna mér viðfangsefni fyrir lokaverkefni mitt við Háskóla Íslands. Þegar ég sá hversu margir áttu í erfiðleikum með að finna ávallt nýjar hugmyndir fyrir hópatímana þá datt mér í hug að útbúa hugmyndamöppu fyrir Hjallastefnuna þar sem allir leikir og verkefni sem þar er að finna taka sérstaklega mið af starfsháttum Hjallastefnunnar.

Þar sem ég starfa með yngstu börnunum í leikskólanum sá ég að samstarfsfólki mínu hjá Hjallastefnunni skorti aðallega hugmyndir fyrir starfið með yngstu börnunum og þess vegna beini ég sjónum mínum að þeim við val á leikjum og hugmyndum í möppuna þ.e. börn á aldursbilinu 2 – 4 ára. Mappan ætti þó að henta öllum aldurshópum innan leikskólans því fram koma ýmsar útfærslur við leikina og því hægt að aðlaga þá að hvaða aldri sem er.

Það er von mín að hugmyndamappan verði gott hjálpargagn í starfi kennara og auðveldi þeim til muna að skipuleggja hópatíma sína sem verður til þess að börnin fá fullnægjandi kennslu sem styrkir þau sem einstaklinga.

Mikilvægi hugmyndamöppunar

Hjallastefnan leggur sig fram við að útrýma kynjamismun og ein aðferð sem stutt er við í þeirri baráttu er að kynjaskipta barnahópnum og skipta starfinu niður í sex lotur þar sem hvert kynið fær sérstaka kennslu á því sviði sem þeim er nauðsynlegt að efla (Margrét Pála

Ólafsdóttir 1992:22). Ég ákvað að skipta hugmyndamöppunni niður í þessar sex lotur og eiga þær hugmyndir sem er að finna við hverja lotu að veita hvoru kyni sérstaka uppbót á sviðum sem þau hafa lítið þjálfað vegna kynferðis. Stúlkur þurfa meiri einstaklingsþjálfun en drengir vegna þess að umhverfið hefur kennt þeim að stjórna ýmsum innri þáttum á meðan drengir stýra samfélaginu hið ytra (Margrét Pála Ólafsdóttir 1992:23). Í fyrstu þremur lotunum sem nefnast; sjálfstæðiskennsla, jákvæðnikennsla og kraft- og kjarkkennsla er aðaláherslan lögð á stúlkur. Sú staðreynd blasir við að stúlkur búa við skerta athygli og leiðsögn kennarans vegna þess að drengir fá allt að 75 % allrar þeirrar athygli sem kennarinn veitir innan veggja skólans (Margrét Pála Ólafsdóttir 1992: 22). Stúlkur eiga það til að festast í biðhlutverkum á meðan drengirnir þjálfa sig æ meira í hasarnum. Þrátt fyrir að vitneskja um mismunun kynjanna hafi aukist með hverju ári þá gjalda bæði stúlkur og drengir fyrir kyn sitt í stað þess að njóta tilverunnar á eigin forsendum en það er einmitt sá þáttur sem Hjallastefnan einblínir hvað mest á.

Þar sem stúlkurnar þurfa meiri einstaklingsþjálfun þá þurfa drengir meiri félagsþjálfun og einblína síðustu þrjár loturnar á slíka vinnu með drengjum en þær lotur nefnast; hegðunarkennsla, viðhorfakennsla og nálægðarkennsla. Misrétti kynjanna felst í óáþreifanlegum þáttum, s.s. hugsun og afstöðu okkar (Margrét Pála Ólafsdóttir 1992:23). Við berum með okkur ákveðin viðhorf sem segja okkur að „karllegir“ eiginleikar séu eftirsóknarverðir, þeir eiga að sýna áræðni og eigna sér ákveðið svigrúm í lífinu (Margrét Pála Ólafsdóttir 1992:23). Vegna þess hversu mikið olnbogaráymi drengir eigna sér þá hefur það bitnað á félagsþjálfuninni, þeir hafa einfaldlega fengið of mikla einstaklingssthygli og þjálfun (Margrét Pála Ólafsdóttir 1992:23).. Með félagsþjálfun er áhersla lögð á samkennd og samhjálp allra sem aðild eiga að umræddum hópi en það eru einmitt þeir þættir sem nauðsynlegt er að styrkja hjá drengjum.

Uppbygging hugmyndamöppunar aðstoðar kennara í að aðlaga starf sitt á þann hátt að stúlkur sem og drengir fá nægilega kennslu og þjálfun í þeim atriðum sem hverri lotu er ætlað að styrkja.

Það er einkar mikilvægt í öllu leikskólastarfi að huga að einstaklingsmun barnanna og taka mið að þeim kynjamismun sem er án vafa til staðar. Það er því gott að hafa hjálpargagn sem kennarar geta leitað í og verið vissir um að sú kennsla sem á sér stað tekur mið af hvoru kyni fyrir sig og styrkir viðeigandi hegðun kynjanna.

Ég valdi sex hugmyndir sem mér fannst passa vel við hverja lotu og reyni síðan að færa rök fyrir því hvers vegna þessir leikir henta vel við Hjallastefnuleikskóla. Ég lagði því af stað með

þá spurningu í kollinum hvers konar leikir henta ungum börnum í Hjallastefnuleikskólum og vona ég að þeir leikir sem ég valdi séu hentugir í starfi með börnum í Hjallastefnuleikskólum.

Hugmyndafræði Hjallastefnunnar

Þegar farið er yfir það efni sem fjallar um Hjallastefnunna þá er eitt það fyrsta sem lesandinn tekur eftir er að lítið er vitnað í fræðimenn og aðrar uppeldisstefnur. Hjallastefnan byggir á hugmyndafræði Margrétar Pálu Ólafsdóttur sem hefur með mikilli vinnu og tíma náð að móta heildstæða leikskólastefnu og hrinda henni í framkvæmd. Margir þeirra sem leggja leið sína í Hjallastefnuskóla til að kynna sér stefnuna finnst eins og þetta hafi allt verið reynt áður (Margrét Pála Ólafsdóttir 1992: 12). Þó að stefnan sem slík sé ekki ný í eðli sínu þá snýst kjarni málsins um þær aðstæður sem verið er að bregðast við hverju sinni og hvaða spurningum er verið að svara (Margrét Pála Ólafsdóttir 1992: 12). Hjallastefnan beinir sjónum á tímann hverju sinni því hver tími glímir við ólík mál og þarfnast þar af leiðandi ólíkra lausna. Hjallastefnan tekur m.a. á mismunun kynjanna, spennu og streitu umhverfisins svo og hegðunvandamál sem brenna æ meira á uppalendum í dag (Margrét Pála Ólafsdóttir 1992: 12). Allir þessir þættir eru ákveðnir hjallar sem þarf að yfirstíga og Hjallastefnan leggur til einfaldar og ákveðnar leiðir fyrir hvern og einn hjalla enda hafa þeir allir verið skoðaðir gaumgæfilega í leit að kjarna málsins (Margrét Pála Ólafsdóttir 1992:12). Hjallastefnan og þeir einstaklingar sem þar starfa leggja sig fram við að viðurkenna einkenni hvað varðar kynferði, aldur, getu og sérkenni hvers og eins í stað þess að steypa alla í sama mót. Auk þessa þá leggur Hjallastefnan áherslu á einfalt og nákvæmt umhverfi þar sem ímyndun, sköpun og skynjun barnanna er eina leikefnið.

Á ofangreindum hugmyndagrunni hvílir Hjallastefnan en útfærslurnar eru mun námkvæmari. Setja má hugmyndafræðina upp í nokkrar lýsandi setningar:

- Viðurkenning á einstaklingseinkennum
- Einfalt og úthugað umhverfi
- Líf í núinu
- Ögun sem forsenda frelsis

Hjallastefnan ber virðingu fyrir fjölbreytileika einstaklinganna og þeim ólíku tækifærum sem okkur hafa gefist og grundvallast á kynferði, aldri og getu hvers og eins (Margrét Pála

Ólafsdóttir 1992:13). Vegna þessa skiptist starf Hjallastefnunnar upp í sex lotur sem hafa allar þær markmið að veita hvoru kyni sérstaka uppbót á sviðum sem þau hafa lítið þjálfað vegna kynferðis. Verður nánar fjallað um loturnar í næsta kafla og tengsl við lög og markmið um leikskóla.

Lög og markmið um leikskóla

Hjallastefnan skiptir starfinu niður í sex ákveðnar lotur sem er ætlað á sinn hátt að ýta undir og styrkja kynin á þá vegu sem telst ákjósanlegt. Það er að veita hvoru kyni fyrir sig þá kennslu sem þau þurfa einna helst á að halda þar sem umhverfið hefur annað hvort ýtt undir eða dregið úr ákveðinni hegðun/atferli. Í lögum um leikskóla kemur fram að starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningu (Lög um leikskóla nr. 90/2008). Þegar litið er yfir loturnar sex sem Hjallastefnan mikið út frá þá er hægt að segja að þessi lög séu höfð að leiðarljósi. Nálægðarkennslan hefur það markmið að skapa kærleikstengsl milli allra og í viðhorfakennslu er hlýleg og umburðarlynd hegðun drengja sérstaklega styrkt.

Hjallastefnan vinnur gegn kynjamismunun með því að hlúa sérstaklega að þeim þáttum sem kynjunum er nauðsynlegt að efla til að geta verið virkir þátttakendur í samfélaginu.

Lotur Hjallastefnunnar

Sjálfstæðiskennsla – sjálfsvitun og sjálfstraust

Fyrstu þrjár loturnar í Hjallastefnunni flokkast undir uppbótarvinnu – einstaklingsþjálfun þ.e. að veita hvoru kyni fyrir sig sérstaka uppbót á sviðum sem þau hafa lítið þjálfað vegna kynferðis (Margrét Pála Ólafsdóttir 2007:22). Almennt standa drengir betur að vígi en stúlkur hvað varðar einstaklingsvitund, það skýrist vegna þess að frá upphafi hefur umhverfið veitt þeim kennslu, hvatningu og þjálfun. Vegna þessa þá þurfa stúlkur að fá stærri skammt af einstaklingsþjálfun sem getur tekið sinn tíma þar til fullnægjandi árangur næst.

Sjálfstæðiskennsla er grundvöllur fyrir allt annað sem koma skal á eftir og því er það fyrsta lotan sem unnið er með í starfi með börnunum. Eins og kom fram hér að ofan þá er sérstök áhersla lögð á stúlkur í þessari kennslu þó svo að drengirnir gleymist ekki. Stúlkur verða að

skynja sig sem einstaklinga sem þurfa ekki í sífellu að leita eftir samþykki umhverfisins fyrir tilveru sinni (Margrét Pála Ólafsdóttir 2007:22). Þær þurfa að búa yfir sjálfstrausti svo þær þori að taka sér svigrúm og með því gera þær sig að gerendum í stað þolenda.

Í hugmyndamöppunni sem þessi skýrsla byggir á er gefið dæmi um leik sem hentar stúlkum vel til að efla sjálfsvitund og sjálfstraust.

Jákvæðnikennsla – hreinskiptni

Önnur lotan í leikskólastarfi Hjallastefnunnar nefnist jákvæðnikennsla sem telst rétt eins og sjálfstæðikennslan til einstaklingsþjálfunar og hér er áherslan einnig á stúlkur. Stúlkur eiga það til að festast í svo kölluðum prinsessustælum þar sem fýlu og þögn er beitt sem vopni til að fá sínu framgengt (Margrét Pála Ólafsdóttir 2007:23). Í þessari lotu er unnið markvisst að því að ná stúlkum upp úr þessari þrú og þeim kennt þess í stað að koma óskum sínum skýrt á framfæri. Hugmyndamappan geymir leik sem hefur það að markmiði að ýta undir og styrkja jákvæða hegðun og sjálfsmynd stúlkna svo þær öðlist vitund um hvaða hegðun sé æskileg og hver sé það ekki.

Kraft – kjarkkennsla

Þriðja og síðasta lotan í uppþótarvinnu einstaklingsins er hin svokallaða kraft – og kjarkkennsla en eins og í fyrri lotunum tveimur þá er aðaláherslan lögð á stúlkur. Eitt af meginmarkmiðum þessarar kennslu er að gefa stúlkum sjálfsmynd sterkra og hraustra stúlkna (Margrét Pála Ólafsdóttir 2007:24). Sú aðferðarfræði sem beitt er í þessu sambandi er stöðug hvatning svo og að ögra þeim til að stíga skrefinu lengra. Ein leiðin til þess er að fá þær til að glíma við óvenjulega hluti. Kjarkæfingar eru oft á tíðum óvenjulegar, fjörugar og hávaðasamar en á sama tíma aldrei hættulegar. Tilgangurinn er að börnin nái í frumkraftinn, hinn óbeislaða og ólgandi vilja sem býr í innsta kjarnanum (Margrét Pála Ólafsdóttir 2007:24). Við viljum ná fram þeim tilfinningum sem oft er búið að bæla. Það er rótgróin hegðun stúlkna að óttast við að gera mistök og er þetta ein mesta hömlun kvenna. Æfingin sjálf felur í sér mistök og í gegnum hana er þeim kennt nýtt viðhorf og að lokum mun það slá á mesta mistakaótta stúlkanna (Margrét Pála Ólafsdóttir 2007:24). Kjarkæfingar geta verið á ýmsa vegu en í hugmyndamöppunni er að finna leik sem gengur út á að láta börnin túlka ákveðnar tilfinningar en slík æfing felur í sér kjark og framkomu sem nauðsynlegt er að æfa hjá öllum börnum.

Hegðunarkennsla – framkoma – agi

Eins og fram hefur komið þá snúa fyrstu þrjár loturnar að einstaklingsþjálfun en þegar þeim er lokið þá er farið yfir í félagslega þjálfun. Talið er að drengir þurfi meiri félagsþjálfun og á þessum sviðum standa stúlkurnar betur að vígi. Umhverfið hefur frá upphafi veitt stúlkum kennslu í hinum ýmsu félagslegu þáttum auk þess sem þær hafa félagslega þætti s.s. umhyggju, nálægð og reglur innbyggt í leikina sína (Margrét Pála Ólafsdóttir 2007:26).

Agi- og hegðunarkennsla er grundvöllur fyrir allt annað og því hefst félagslega þjálfunin með agakennslu. Hegðunarkennsla er heiðarleg ögun með skýru markmiði (Margrét Pála Ólafsdóttir 2007:26). Það er afskaplega nauðsynlegt að drengirnir viti nákvæmlega til hvers er ætlast af þeim og þeir verða að trúá/vita að kröfunum verði fylgt eftir, ekki bara stundum heldur alltaf og alls staðar. Aðferðarfræðin grundvallast á því að agi skapist þegar farið er eftir reglu án undantekninga. Það þarf að fylgja reglum eftir af festu, ákveðni og hraða og grípa strax til aðgerða þegar einhver ætlar sér út fyrir rammann (Margrét Pála Ólafsdóttir 2007:26). Það getur verið snúið að finna leiki sem á einhvern hátt ýta undir aga- og hegðunarkennslu en leikinn sem er að finna í hugmyndamöppunni er ætlað það hlutverk að fá börn til að fara eftir fyrirmælum og geta á sama tíma stýrt hegðun sinni en það er ein leiðin af mörgum sem hægt er að fara í agakennslu.

Viðhorfakennsla – samskipti

Önnur lota og jafnframt sú fimmta í röðinni snýr að viðhorfakennslu og tengist félagslegri þjálfun þar sem áherslan er á drengi. Það er nauðsynlegt öllum drengjum að búa yfir hæfni að geta myndað til náinnar vináttu og byggja upp sjálfsmynd sem fallegir, ljúfir, vingjarnlegir einstaklingar (Margrét Pála Ólafsdóttir 2007:28). Hlutverk kennarans er að fá þá til að losna við „rangt – rétt“ viðhorf með því að veita þeim óskipta athygli og sýna tilfinningar óhikað. Kennari skal forðast að ásaka heldur finna leiðir til að jafna ágreining og grípa skjótt til úrræða þegar neikvætt orð heyrir. Í hugmyndamöppunni er að finna dæmi um leik sem eflir samskiptahæfileika barna og hjálpar þeim að skilja þær tilfinningar sem liggja að baki ákveðnum svipbrigðum. Margrét Pála Ólafsdóttir og fleiri sem koma að uppeldi barna hafa með rannsóknum sínum tekið eftir að drengir eiga oft erfitt með að samsama sig við önnur börn og sína ekki meðlíðan (Margrét Pála Ólafsdóttir 1992:22). Leikurinn í hugmyndamöppunni ætti að styrkja þessa hegðun hjá drengjum.

Nálægðarkennsla – vinátta

Síðasta lotan í starfi Hjallastefnunnar nefnist nálægðarkennsla en henni er ætlað að skapa kærleikatengsl milli allra ásamt því að auka rósemi og minnka streitu. Nálægðarkennslan eykur á kjark í nálægð, snertingu og umhyggju (Margrét Pála Ólafsdóttir 2007:28). Drengir þurfa að fá á tilfinninguna að það er allt í lagi að vera mjukur og hlýr og leggja hina hörðu sjálfsmynd til hliðar. Leikurinn sem tekin er sem dæmi í hugmyndamöppunni gengur út á mikla nálægð á milli barnahópsins auk þess sem hann krefst líkamslegrar snertingar og því ætti hann að veita börnum ákveðna æfingu í nálægð og snertingu.

Fræðileg tengsl við lotur og leikina

Hverri lotu í starfi Hjallastefnunnar er á einn eða annan hátt ætla að styrkja ákveðna hegðun hjá hvoru kyni fyrir sig sem telst af ýmsum ástæðum vera nauðsynlegt að efla fyrir hvort kynið. Á degi hverjum eru tveir hópatímar þar sem kennari hvers hóps hefur frjálsar hendur um hvað hann gerir með hópi sínum en skal þó ávallt hafa í huga hvaða lota er í gangi hverju sinni og láta starf hópsins einkennast af þessum lotum. Ef við tökum fyrir hegðunarlotuna sem snýr að framkomu og agakennslu þá er sjónum beint sérstaklega að drengjum þar sem talið er að drengir standi verr að vígi á þessum sviðum en stúlkurnar. Stúlkur virðast hafa þætti eins og umhyggju, nálægð og reglur innbyggt í leikina sína en drengjum vantar nokkuð mikið upp á að leikir þeirra einkennist af þessum þáttum (Margrét Pála Ólafsdóttir 2007:26). Leikir drengja einkennast frekar af hasar og þeir leika ekki í mikilli nálægð við hvorn annan. Agi- og hegðunarkennsla er grundvöllur fyrir allt annað og því er eðlilegt að láta félagslega þjálfun hefjast með agakennslu. Aðferðarfræðinni sem beitt er í aga-og hegðunarkennslu grundvallast á því að agi skapist þegar farið er eftir reglu án undantekninga. Reglur og fyrirmæli þurfa því ávallt að vera skýr og þeim framfylgt af festu, ákveðni og hraða. Það er hægt að fara ótal leiðir að ná þessum markmiðum og ein leiðin er að styðjast við ýmsa leiki í starfinu þar sem börn fá ákveðin fyrirmæli sem þau þurfa að fara eftir. Með því móti reyna börnin á athygli sína og þurfa á einn eða annan hátt að hafa stjórn á hegðun sinni. Leikurinn sem ég valdi fyrir þessa lotu nefnist „Það sem ég segi, ekki það sem ég geri“ og hefur hann það markmið að styrkja einbeitingu barnanna og fá þau til að fara eftir fyrirmælum kennarans. Leikurinn hentar jafnt stúlkum sem drengjum þó svo að ég telji hann ýta sérstaklega undir þá þætti sem drengjum er nauðsynlegt að þjálfu. Það sama á við um alla leikina sem ég valdi fyrir hverja

lotu, þeir eiga það allir sameiginlegt að hafa markmið hvernar lotu að leiðarljósi og ýta undir þá hegðun sem telst ákjósanlegt að styrkja hjá hvoru kyninu.

Leikurinn

Leikurinn sem námsleið

Í leiknum þá eru læra börn ýmislegt. Lengi vel hafa hugmyndafræðingar tekist á um það hvort leikurinn geti sýnt fram á einhvers konar yfirburði í tengslum við raunverulegan lærdóm í yngri barna kennslu (Moyles, Janet R. 1993:3). Kennurum eru oft gefnir fáir kostir í þessu samhengi vegna útgefnar Aðalnámskrár grunn- og leikskóla sem Menntamálaráðuneytið gefur út en kennurum er ætlað að fara eftir henni í kennslu sinni og hlýta þeim kennsluáðferðum og markmiðum sem þar eru útlustuð. Í Aðalnámskrá leikskóla er fjallað nokkuð ýtarlega um hlutverk leiksins í leikskólastarfi. Í öllu leikskólastarfi er leikurinn hornsteinn starfsins og skipar því þýðingarmikla hlutverki að vera tjáningarform sem og gleðigjafi barns (Aðalnámskrá leikskóla 1999:13). Í gegnum leikinn lærir barn margt sem enginn getur kennt því og því felst mikið sjálfsnám í leiknum (Aðalnámskrá leikskóla 1999:13). Eins og komið hefur fram þá felur leikurinn í sér nám því að af leik sprettur ný þekking, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni (Aðalnámskrá leikskóla 1999:13). Fyrir utan það hversu þýðingarmikill leikurinn er fyrir allt nám barna þá fá börn einnig gífurlega mikla útrás fyrir sköpunarþörf sína og hugmyndaflug (Aðalnámskrá leikskóla 1999:13). Að mörgu leyti þá endurspeglar leikurinn reynsluheim barnsins þ.e. þá menningu og samfélag sem það býr í (Aðalnámskrá leikskóla 1999:14).

Til þess að mögulegt sé að nýta sér leikinn sem námsleið þá skal líta á leikinn sem þróun, sem í sjálfu sér felur í sér fjöldan allan af hegðunar-, hvatningar-, tækifærum-, æfingu-, leikni og skilningarverkefnum (Moyles, Janet R. 1993:5). Leikur er mjög skilvirk leið til að þróa með börnum ýmsa þroskafærni, jafnt félags-, vitsmuna-, sköpunar-, og líkamlega færni (Moyles, Janet R. 1993:16).

Flestir virðast vera sammála því að börn eigi á rétt á því að leika sér en það kemur meðal annars fram í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Deilan um leikinn virðist þó tengjast því hvort börn eigi að leika sér í menntunarlegu samhengi þ.e. hvort kenna skuli börnum í gegnum leikinn (Moyles, Janet R. 1993:5). Menntamálayfirvöld í hverju bæjarfélagi gera þá kröfu að kennarar sýni fram á hvað börnin læra í gegnum leikinn.

Í gegnum tíðina hafa hinir ýmsu kennismiðir velt leiknum fyrir sér og gildi hans. Smilansky hefur flokkað leikinn niður í fjórar áhírfaríkar tegundir en þessi fjórir flokkar eru stigbundnir, þ.e. hver flokkur felur í sér frekari áskorun en sá sem á undan var (Furman, Lou 2000:173). Smilansky kallar fyrsta viðurkennda leik barna „virkan leik“ en á þessu stigi þá handleika börn hluti í því skyni að æfa líkamlega stjórnun auk þess að upplifa nánasta umhverfi sitt (Furman, Lou 2000:173). Barnið þróast frá þessu stigi yfir í uppbyggilega leiki sem er annað stigið í þróun leiksins hjá börnum. Á þessu stigi þá er meðhöndlun á hlutum ekki lengur tilviljanakennd heldur einbeita börnin sér að einu markmiði sem er einhvers konar sköpun (Furman, Lou 2000:173). Næsta tegund leiks er frjáls, táknrænn leikur þar sem barnið rannsakar sambandið við heiminn og aðra í þeim heimi sem það lifir í. Þessi tegund leiks er mjög leikrænn (Furman, Lou 2000:173). Þeir leikir sem er að finna í hugmyndamöppunni taka mjög mikið mið af táknrænum leik og leikrænni tjáningu og því verður honum gefið hátt undir höfuð í umfjöllun um leikinn. Fjórði leikflokkurinn eru regluleikir en þar sættir barnið sig við og aðlagar sig að þeim reglum sem fylgja leiknum.

Margir hugmyndasmiðir trúu því að reynsla á leiknum sé ákjósanleg leið til að auka sköpunargleði og ímyndunarafl barna (Moyles, Janet R. 1993:17). Þetta stafar af því að börn hafa frelsi að prófa nýjar hugmyndir í leiknum og geta tjáð sig á eigin forsendum. Ekki má gleyma því að þegar stuðst er við leikinn í kennslu þá hafa kennarar lykilhlutverki að gegna. Það er í hlutverkahring þeirra að hjálpa börnum að þróa leikinn sinn. Kennarinn getur hvatt, stuðlað að eða ögrað börnum til að leika sér á þróaðari hátt og á þroskaðan máta (Moyles, Janet R. 1993:19). Það er því nokkuð ljóst að leikurinn skipar stórt hlutverk í námi barna og er hægt að nota hann á óteljandi vegu þegar kemur að kennslu barna.

Táknrænn leikur – leikræn tjáning

Þeir leikir sem er að finna í hugmyndamöppunni fela flestir í sér leikræna tjáningu eða svokallaðan táknrænan leik á einhvern hátt. Mikið af því starfi sem unnið er með börnum í Hjallastefnunni snýst um að æfa börnin í að tjá tilfinningar sínar, langanir og skoðanir og því henta slíkir leikir einkar vel innan Hjallastefnunnar.

Táknrænn leikur er sá leikur sem einkennir einna helst leik leikskólabarna. Börn á leikskólaaldri láta sem aðgerð eða hlutir hafi einhverja aðra merkingu en hluturinn eða aðgerðin hefur vanalega t.d. að nota fjarstýringu sem símtól, kústskaft sem hest, slæðu fyrir skikkju o.s.frv (Moyles, Janet R. 1993:16). Táknrænn leikur getur stuðlað að ýmsum formum af vitsmunalegum lærdómi t.d. getur táknrænn leikur ýtt undir þróun læsis hjá börnum þegar unnið er með

leikinn í gegnum lestur, sögugerð o.s.frv. (Furman, Lou 2000:173). Þau sterku tengsl sem virðast vera á milli táknræns leiks og vitsmunafroska hefur orðið til þess að rannsóknarmenn eru farnir að nota leikinn sem mælieiningu á vitsmuni (Furman, Lou 2000:173). Það er ekki að furða að þessi tengsl milli leiksins og vitsmuna séu þetta mikil þegar litið er á þá staðreynd að börnin læra af reynsluheim sínum og af fyrri upplifun og reynslu. Táknrænn leikur og leikræn tjáning veita börnum það tækifæri að tjá sig á táknrænan hátt – þ.e. hæfileikann að nota einn hlut til að túlka annan.

Ung börn rannsaka heiminn sinn á þann hátt sem er þeim eðlilegastur en það er í gegnum táknrænan leik. Þau taka sér ákveðin hlutverk, leika ákveðnar aðstæður í gegnum samvinnuleik ásamt því að læra um heiminn, kynnast sjálfu sér og sérstaklega um mannlega eiginleika. Í gegnum leikinn læra börn að skilja hvers vegna mannfólkið hagar sér á þann hátt sem það gerir. Táknrænn leikur er því einkar mikilvægur fyrir allt nám barna og sérstaklega þegar sjónum er beint að ungum börnum á aldrinum tveggja til fjögurra ára en þá spilar leikræn tjáning stórt hlutverk í öllum leik barna.

Mikilvægi leikja fyrir nám barna

Leikurinn í kennslufræðilegu umhverfi er oft notaður til auka og ýta undir vitsmunafroska barna (Furman, Lou 2000:173). Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar í þeim tilgangi að lýsa sambandinu milli leiksins og árangurs í byrjendalæsi, málfræði og skrift. Árið 1980 stóð Pellegrini fyrir rannsókn þar sem hann kannaði þessi tengsl á 65 leikskólabörnum sem bjuggu í dreifbýli og gengu í ríkisrekna leikskóla (Pellegrini, A. D. 1980:530). Börnin fengu stöðluð verkefni og var fylgst með þeim í frjálsum leik. Við vinnslu á rannsókninni var tekið mið af flokkunarkerfi Smilansky á leiknum. Það sem vakti einna helst athygli þegar niðurstöður þessarar rannsóknar lágu fyrir var það að táknrænn leikur spáði mest fyrir um árangur barna í námi (Pellegrini, A. D. 1980:531).

Svo hægt sé að nýta sér leikinn til fulls í námi barna þá er nauðsynlegt að kennarar taki að sér hin ýmsu hlutverk. Kennarinn þarf að hvetja börnin áfram, leiðbeina þeim og taka þátt í leiknum með börnunum (Deans, Jan o.fl. 2007;1).

Leikurinn er börnum eðlislægur, þau kunna best að tjá sig í gegnum leikinn og að því gefnu þá ættu þau að eiga auðvelt með að læra í gegnum hann. Það efast enginn um mikilvægi leiksins í lífi hvers barns en leikurinn er ekki einungis tjáningarform barnsins eða námstæki heldur aðstoðar hann einnig ung börn að undirbúa sig fyrir skólagöngu. Að taka þátt í leik hjálpar

börnum að ala með sér umhverfis og tungumála hæfileika. Leikurinn hefur því það hlutverk að kenna börnum að skilja og læra í gegnum snertingu, sjón og heyrn. Að notfæra sér leikinn í námi barna býður upp á óteljandi möguleika, það veltur á útsjónarsemi kennarans, leikefni, umhverfi, áhuga og getu að láta leikinn vera hornsteinn leikskólustarfs svo að börnin geti nýtt sér hann til fullnustu og notið þess að læra um leið og þau leika sér.

Áhrif umhverfis á kynin og kynjamunur barna í leik

Í gegnum tíðina hefur mikið verið rætt um jafnréttisuppeldi og sjónum hefur verið beint að kynjunum í kennslu. Í umhverfinu eru ávallt einhverjir þættir sem styðja eða ýta undir ákveðna hegðun hjá hvoru kyni fyrir sig. Þegar litið er á sögu jafnréttis t.d. hvað menntamál varðar þá voru skólar löngum stofnanir fyrir karla en ekki konur, drengi en ekki stúlkur (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson 2004:19). Skólunum var ætlað að mennta embættismenn úr hópi drengja en verkleg vinnubrögð lærðu börn af foreldrum sínum (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson 2004:19). Menntahugmyndir og skólaskipulag á 20. öld hafa einkennst af togstreitu milli hugmynda um verkaskiptingu milli kynja og jafnrétti drengja og stúlkna (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson 2004:20). Það er ekki harla langt síðan stúlkum var bannað með lögum að stunda nám í trésmíðum eða verkfræði og eins drengjum að sækja um vist í húsmæðraskólum o.þ.h. (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson 2004:20). Þegar litið er yfir hvernig menntamál í tengslum við kynin hafa verið háttáð í gegnum árin þá er ekki að furða að kynin skuli enn í dag mótast að nokkru leyti af þessu og læri ákveðna hegðun af umhverfinu en þessi munur á milli kynjanna kemur einnig skýrt fram í leik barna.

Fólk hefur ákveðnar skoðar á leiknum og hvernig kynin leika sér. Í barnabókum eru drengir oft að byggja eða taka þátt í ýmsum ævintýrum á meðan stúlkurnar fylgjast með drengjunum eða leika sér við dúkkur (Spock, Benjamin 2004). Stúlkum er oft varað við því að klifra í trjám eða upp á húspök vegna þess að þær teljast ekki nógu sterkar eða munu slasa sig á meðan drengir eru hvattir áfram í slíkar aðgerðir. Gjafir drengja eru yfirleitt bílar, verkfæri, íþróttavörur og læknisdót en gjafir stúlkna eru oft á tíðum dúkkur, bollasett og ýmislegt í þá áttina (Spock, Benjamin 2004). Í sjálfu sér er ekkert athugvert við þessar gjafir en harmurinn kemur með fullorðnu fólki þegar það í sífellu þröngvar þessu upp á börnin og gefa þar af leiðandi þau skilaboð að stúlkur og drengir eru einungis góð í mjög takmörkuðm verkefnum (Spock, Benjamin 2004). Börn þroskast best þegar styrkleikar þeirra sem einstaklingar eru nærðir. Fyrirfram ákveðin kynhegðun sem teljast æskileg af hvoru kyni fyrir sig er skaðleg því slíkt kemur í veg fyrir að foreldrar og kennarar viðurkenni og styrki persónueinkenni

einstaklingsins. Um leið og fólk ýtir frá sér fyrirfram gefnum hugmyndum um hvernig kynin eiga að hegða sér líkt og Hjallastefnan gerir og einblínir á það hvað hvert barn stendur fyrir þá fyrst hafa stúlkur sem og drengir tækifæri til að láta ljós sitt skína á eigin forsendum.

Árið 1979 birti Lisa A. Serbin niðurstöður úr rannsókn sinni þar sem hún rannsakaði hvaða áhrif umhverfið hefur á hegðun kynjanna á forskólaaldri. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að bendingar, félagsleg hvatning þ.e. athygli og hrós, hegðun kennara og jafnvel staðsetning kennarans í skólastofunni getur dregið úr eða jafnvel útrýmt ákveðinni kynhegðun sem einkennir leik barna (Serbin, Lisa A.; Connor, Jane M. 1979:1). Rannsókn Serbin leiddi einnig í ljós að ákveðin kynhegðun er í miklu magni lærð af umhverfinu og börnin læra af því sem fyrir augu þeirra ber (Serbin, Lisa A.; Connor, Jane M. 1979:2). Undanfarin ár hafa kynhlutverk verið í mikilli endurskoðun og hafa sjónir manna beinst að því hvaða áhrif kynhlutverkin hafa á félagsmótun barna (Serbin, Lisa A.; Connor, Jane M. 1979:3). Því hefur verið haldið fram að ákveðin kynhegðun getur verið styrkt af hendi fullorðna og umhverfinu. Kennsla í leikskólum getur leitt til frekari hegðunarvandamála drengja eða minnkað hæfileika stúlkna í að leysa vandamál (Serbin, Lisa A.; Connor, Jane M. 1979:1). Í ljósi þessa niðurstaðna þá er hægt að draga þá ályktun að umhverfið og þau verkefni sem fyrir börnin eru lögð skipta gríðarlega miklu máli í tengslum við kynhegðun þeirra. Leikirnir sem er að finna í hugmyndamöppunni taka mið af þeim þáttum sem hvort kyn um sig þarf að styrkja og veitir því kynjunum þá uppbót sem þeim er nauðsynleg.

Niðurstaða um leikina

Í upphafi lagði ég af stað með þá spurningu í kollinum hvers konar leikir henta ungum börnum í Hjallastefnuleikskólum. Eftir að hafa skoðað fjöldan allan af rannsóknum og lesið ýmsar bækur og greinar þá komst ég að þeirri niðurstöðu að táknrænir leikir þar sem leikræn tjáning skipar stórt hlutverk séu einkar hentugir fyrir börn á þessum aldri þ.e. milli tveggja og fjögurra ára. Gildi táknræns leiks í leikskólastarfi er án vafa mikill. Leikir barna mótast af hugmyndaauðgi þeirra og sköpunarmætti en eitt af því sem Hjallastefnan beinir sjónum sínum að er að efla sköpunarmátt barna og fá þau til að víkja frá hinu hefðbundna hugsanamynstri. Leikræn tjáning aðstoðar börnin í þessari vinnu sinni með því að veita þeim frelsi til athafna og gefur þeim tækifæri til að túlka á eigin forsendum reynsluheim sinn. Sterk tengsl eru á milli táknræns leiks og vitsmunafroska barna, tengslin eru það sterk að rannsóknarmenn eru í sífellt meira magni farin að styðjast við leikinn sem mælieining á vitsmuna barna. Í ljósi þess

Þá er nokkuð ljóst að táknrænn leikur sem og leikurinn í sjálfu sér er einkar mikilvægur öllum börnum og ætti því að skipa stórt hlutverk í öllu skólastarfi.

Hjallastefnan leggur ríka áherslu í starfi sínu að viðurkenna einstaklingseinkenni og forðast að steypa alla í sama mót. Hjallastefnan vinnur því ólíkt með kynin og tekur mið af þörfum kynjanna í vinnu sinni með börnum. Leikirnir í hugmyndamöppunni er því ætlað það hlutverk að syðja undir þá færni sem kynin þurfa að styrkja vegna þess að umhverfið hefur á ýmsan hátt styrkt eða dregið úr ákveðinni hegðun þeirra. Leikirnir voru valdir út frá þessu sjónarmiði þ.e. að taka mið af ákveðinni kynhegðun og styrkja kynin á þann hátt sem þau þurfa einna helst á að halda. Stúlkur þurfa á meiri einstaklingsþjálfun að halda svo að þær fari frá þolendahlutverkinu yfir í gerendahlutverk á meðan drengir þurfa meira á félagsþjálfun svo þeir læri að taka tillit til umhverfisins og geti samsamað sig við félagasína. Það er niðurstaða mín að leikir sem veita börnum tækifæri að tjá tilfinningar sínar, skoðanir og langanir í gegnum táknrænan leik og leikræna tjáningu styðji við þroska barna og henti Hjallastefnu-leikskólum afar vel í tengslum við þær lotur sem stefnan skipuleggur starf sitt í kringum.

Lokaorð

Börn eru ekki einungis leikfús, þau eru einnig verk- og námfús. Börn hafa mikla þörf fyrir að takast á við verkefni sem á einhvern hátt reyna á færni þeirra, jafnt líkamlega sem og andlega en í þessu sambandi þá skiptir engu máli hvort um sé að ræða stúlkur eða drengi. Leikskólinn á að veita börnum viðfangsefni og aðstöðu sem hæfir þroska þeirra, áhuga og getu en á sama tíma taka mið af einstaklingsmun kynjanna en það er einmitt það sem Hjallastefnan gerir í sínu starfi. Leikurinn felur í sér gríðarlega mikið nám auk þess sem að í gegnum leikinn læra börn mikilvægi þess að vinna saman og taka tillit til hvers annars. Með leiknum er hægt að ná fram hegðun sem á einn eða annan hátt er nauðsynlegt að efla eins og t.d. kjarkæfingar með stúlkum eða nánd með drengjum. Kynin eru ólík rétt eins og allt mannfólk er mismunandi, öll eigum við ólíkan bakgrunn og búum að mismunandi þekkingu sem við nýtum okkur í daglegu lífi. Börnin nýta sér reynslu sína í gegnum leikinn og er hann þeirra lífstjáning. Það er mikilvægt að hafa þetta í huga þegar kemur að vinnu með börnum og veita þeim frelsi til að tjá sig í gegnum leikinn en með því móti þá náum við fram persónu einkennum kynjanna og viðurkennum einstaklingsmun þeirra.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla. 1999. *Almennur hluti - Leikur og leikskólastarf*. Menntamálaráðuneytið

Deans, Jan., Robert Brown og Sarah Young. 2007. *The possum story: Reflections of an early childhood drama teacher*.

Furman, Lou. 2000. *In support of drama in early childhood education, again*. Human Sciences press, Inc.

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. 2004. *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands.

Lög um leikskóla nr. 90/2008 2.gr.

Margrét Pála Ólafsdóttir. 2007. *Námskrá Hjallastefnunnar*. Hjallastefnan ehf.

Margrét Pála Ólafsdóttir. 1992. *Æfingin skapar meistarann*. Mál og Menning, Reykjavík.

Moyles, Janet R. 1993. *The Excellence of Play*. Open University Press, Buckingham, Philadelphia.

Pellegrini, A. D. 1980. *The relationship between kindergartners' play and achievement in prereading, language, and writing*. Psychology in the Schools, 17, 530-535.

Serbin, Lisa. A. og Jane M. Connor. 1979. *Environmental control of sex related behaviors in the preschool*. Biennial meeting of the society for research in child development, San Francisco, Mars 15-18.

Spock, Benjamin. 2004. *Gender difference: How they arise*. The Dr. Spock company.

Lokaverkefni til B.Ed. – prófs

Hugmyndamappa

Hópatímahugmyndir fyrir Hjallastefnuleikskóla



Háskóli Íslands
Menntavísindasvið
Kennaradeild, grunnskólakennarafræði
Apríl 2009

Hugmyndamöppu þessari er ætlað að styðja við starf kennara og veita þeim hinar ýmsu hugmyndir í vinnu sinni með barnahópnum í hópatímum.

Möppunni er skipt niður eftir lotunum sem Hjallastefnan miðar starf sitt við og á hver leikur sérstaklega vel við hverja lotu. Það ætti því að vera auðvelt fyrir kennara að fletta upp í möppunni þegar t.d. sjálfstæðiskennsla er í hámarki í leikskólastarfinu og finna þar hugmyndir sem ýta undir og styðja sjálfstæði barnanna á einhvern hátt.

Hugmyndirnar eiga að henta börnum á öllum aldri því við flesta leikina eru gefin góð ráð á hinum ýmsu útfærslum sem mögulegar eru.

Leikirnir eiga að veita hvoru kyni sérstaka uppbót á sviðum sem þau hafa lítið þjáfað vegna kynferðis. Stúlkur þurfa meiri einstaklingsþjálfun; sjálfstæði, sjálfsvitund og sjálfstraust, jákvæðni og hreinskiptni, kjarkur og frumkvæði.

Drengir þurfa hins vegar meiri félagsþjálfun; agi, hegðun og framkoma, viðhorf og samskipti, nálægð og vinátta.

Það er von mín að mappa þessi styðji við starf kennara Hjallastefnunnar og veiti þeim góðar hugmyndir í allri vinnu sinni með barnahóp sínum.

Sjálfstæðiskennsla

sjálfsvitund og sjálfstraust



Allar stúlkur verða að skynja sig sem einstaklinga sem ekki þurfa að fá samþykki umhverfisins fyrir tilveru sinni og þora að taka sér svigrúm og vera gerendur en ekki þolendur

Ég get ekki, ég get

Lýsing: Látið öll börnin setjast eða standa hlið við þar sem þau hlunkast einhvern veginn. Þau eru hokin í baki og horfa niður, axlir og hendur lafa niður á við. Segið setningarnar:

- „Ég get þetta ekki“
- „Þetta er of erfitt“
- „Ég er of lítill“
- „Ég get ekki“

Síðan skulið þið láta börnin breyta um líkamsstillingu. Höfuð upprétt, bein í baki, axlir aftur og hakan upp og segið:

- „Já ég get“
- „Ég get þetta“
- „Ég get lært“
- „Ég veit þetta“
- „Ég er klár“

Látið börnin gera þetta nokkrum sinnum þar sem þau svissa um líkamsstillingu og leyfið þeim að finna munin og hvernig þeim líður.

Jákvæðnikennsla

hreinskiptni



Stúlkur verða að losna úr prísund prinsessustæla þar sem fýlu og þögn er beitt sem vopni til að fá sínu framgengt. Þess í stað verða þær að læra að koma óskum sínum skýrt á framfæri.

Hlátur til gráturs, grátur til hláturs

Lýsing: sest er í hring með hóp af börnum, hópurinn þarf ekki að vera stór en nauðsynlegt er að veita hvort öðru athygli.

Leiðbeiningar: hópstjóri byrjar með litlu brosi og fær barnið við hliðina á sér til að brosa enn stærra. Næsta barn mun síðan flissa örlítið og svo koll af kolli, síðasta barnið mun enda á að hlæja hátt og dátt. Að þessu loknu þá breytist leikurinn í sorgarleik. Fyrsta barnið byrjar á að setja upp fýlusvip sem breystist frá hverju barni í mikinn grátur.

Gott ráð: Hvert barn má prófa að sýna alla tilfinningaflóruna, fara frá hlátri og yfir í grátur og öfugt.

Kraft- og kjarkkennsla

frumkvæði



Gefa stúlkum sjálfsmynd sterkra og hraustra stúlkna sem geta allt sem þær vilja þ.á.m. að glíma við óvenjulega hluti. Aðferðafræðin er stöðug hvatning svo og að ögra þeim til að fara yfir landamærin – frá óvirkni yfir í gerendahlutverk.

Líkamstjáning

Lýsing: látið börnin skiptast á að hreyfa líkamann þar sem þau eiga að túlka eftirfarandi staðhæfingar:

- Nei
- Hér er ég
- Ég er sterk/ur
- Láttu mig í friði
- Já
- Ég er frábær
- Ég er klár
- Ég er fullkomin
- Ég get allt
- Aldrei

Hegðunarkennsla

framkoma - agi



Heiðarleg ögun með skýru markmiði. Drengirnir verða að vita upp á hárl til hvers er ætlast af þeim og þeir verða að trúu/vita að kröfunum verði fylgt eftir- alltaf og alls staðar. Aðferðafræðin grundvallast á því að agi skapist þegar farið er eftir reglu án undantekninga.

Það sem ég segi, ekki það sem ég geri

Lýsing: fáðu börnin til að standa öll hlið við hlið. Þegar börnin hafa komið sér fyrir þá segðu þeim þá að gera það sem þú segir þeim en ekki það sem þú gerir. Hópstjóri fer síðan til hvers barns og gefur þeim fyrirmæli.

Dæmi:

Hópstjóri snertir munninn en segir við barn að snerta nefið sitt

Hópstjóri hroppar en segir við barn að stappa fótunum

Hópstjóri frussar en segir við barn að klappa lófunum

Viðhorfakennsla

samskipti



Drengir verða að eignast hæfnina til náinnar vináttu (ekki aðeins leikfélagsskapar) og byggja upp sjálfsmynd sem fallegir, ljúfir, vingjarnlegir einstaklingar. Jákvæð hugsun hvað sem á gengur og losna við „rangt-rétt“ viðhorf og blóraböggulshugsunarháttinn

Andlit hafa tilfinningar

Lýsing: skiptist á að sýna hvernig ákveðnar tilfinningar líta út á andliti okkar, sýna tilfinningar með ákveðnum svipbrigðum.

- Svöng/svangur
- Reið/ur
- Hrædd/ur
- Löt/latur
- Leiðast
- Flott/ur
- Kjánaleg
- Skömmustuleg/ur
- Hissa
- Kvíðin
- Glöð/glaður

Gott ráð: skrifið þessar tilfinningar niður á blaðasnepla, setjið þá í skál og skiptist á að draga miða og túlkið tilfinningarnar.

Nálægðarkennsla

vinátta



Skapa kærleikstengsl milli allra. Rósemi og minnkun á streitu. Auka kjark í nálægð, snertingu og umhyggju. Gefa þeim sjálfsmynd fallegra og mjúkra drengja.

Trjabolir

Lýsing: börnin þykjast vera trjabolir og liggja við hliðina á hvor öðru. Með hjálp frá kennara sínum þá rúllar fyrsti trjabolurinn yfir alla hina trjabolina og leggst niður á hinum endanum. Síðan tekur næsta barn við o.s.frv.

Gott ráð: Látið eitt barn leggjast ofan á og þvert yfir hin börnin. Síðan rúlla öll börnin sér samtímis af stað og þá færast barnið sem liggur ofan á með börnunum.

Heimildaskrá

Sher, Barbara. 2006. *Attention Games*. Jossey-Bass A Wiley Imprint, San Francisco.

Sher, Barbara. 2006. *Self-esteem Games*. Jossey-Bass A Wiley Imprint, San Francisco.

Sher, Barbara. 2006. *Smart Play*. Jossey-Bass A Wiley Imprint, San Francisco.